



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps  
miðvikudaginn 13. september 2017, kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson og Ágúst Már Gröndal, Árný Huld Haraldsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Valgeir Jens Guðmundsson skólastjóri, Katla Sólberg Friðriksdóttir f.h. starfsfólks leikskóladeildar og Björk Stefánsdóttir f.h. foreldrafélags Reykólastólá. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst, nefndin samþykkir að taka málið til afgreiðslu undir liðnum önnur mál, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 8. júní 2017.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1706010 - Skóladagatal skólaárið 2017 – 2018.

*Skólastjóri fór yfir lítilsháttar tilfærslur á skóladagatali Reykólastólá.*

*Nefndin samþykkir breytingarnar samhljóða.*

#### 3. 1709002 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

*Umsókn send frá Dalabyggð í ágúst 2017.*

*Nefndin samþykkir umsóknina samhljóða í samráði við skólastjóra. Samþykkt samhljóða.*

#### 4. 1709003 - Sérfræðipjónusta við Reykólastólá.

*Nefndin leggur til að verksamningur um sérfræðipjónustu sem undirritaður var 8. október 2005 verði sagt upp. Leitað verði annarra leiða til að uppfylla skyldur skólans gagnvart nemendum, sérstök áhersla verði lögð á að veita pjónustu til nemenda með skömmum fyrirvara. Samþykkt samhljóða.*

#### 5. 1709004 - Stofnun tónlistarskóladeildar, gjaldskrá og fl.

*Nefndin samþykkir eftirfarandi gjaldskrá fyrir nám í tónlistardeild Reykólastólá.*

*Skólagjald á nemenda:*

*Skólagjald á nemanda 28.000 kr. á önn.*

*Systkinaafsláttur:*

25% fyrir annað barn  
50% fyrir þriðja barn  
75% fyrir fjórða barn

*Samþykkt samhljóða.*

#### 6. 1704015 - Stofnun framhaldsskóladeildar í Reykhólahreppi.

Nefndin ræddi um Vestfjarðarskýrsluna og stöðuna á stofnun framhaldsskóladeildar á Reykhólum.

*Mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps vill beina því til mennta- og menningarmálaráðuneytis hversu mikilvægt það er fyrir sveitarfélagið, að börn undir 18 ára aldri geti stundað nám í heimabyggð. Sveitarfélagið hefur yfir að ráða góðri aðstöðu til að bjóða uppá í tengslum við verkefnið, s.s. húsnæði og aðbúnað fyrir nemendur. Mikilvægt er að fjármagni verði veitt í ár eða snemma á næsta ári til að nýta við undirbúning á stofnun framhaldsskóladeildar, sem síðan gæti tekið til starfa ekki seinna en haustið 2018. Samþykkt samhljóða.*

#### Mál til kynningar:

##### 7. 1702004 – Skýrsla skólastjóra

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla.

*Skólastjóri fór yfir skólastarfið frá upphafi skólans haustið 2017.*

#### Önnur mál (ef einhver):

##### 8. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Erindi frá sveitarfélaginu Árborg dagsett 7. september 2017.

*Nefndin samþykkir tillögu skólastjóra. Samþykkt samhljóða.*

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 18:00

_____	_____
_____	_____
_____	_____